

Mat á umhverfisáhrifum

Væntanlega lagabreytingar

Íris Bjargmundsdóttir
lögfræðingur



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Tilskipun um mat á umhverfisáhrifum

Tilskipun 2011/92/ESB (áður tilskipun 85/337/EBE).

Hefur verið breytt fjórum sinnum með tilskipunum:

- 97/11/EB (Upptaka ákvæða Espoo samningsins um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda yfir landamæri).
- 2003/35/EB (Upptaka ákvæða Árósasamningsins um þáttökurétt almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum).
- 2009/31/EB (Upptaka ákvæða er varða geymslu koltvísýrings í jörðu).
- 2014/52/ESB (Breytingar á tilskipuninni í ljósi reynslu af framkvæmd hennar).
 - Tók gildi 16. maí sl.



Tilskipun 2014/52/ESB

- Tilskipuninni er ætlað að:
 - einfalda reglur um mat á hugsanlegum áhrifum framkvæmda á umhverfið,
 - draga úr óþarfa álagi á stjórnslu,
 - bæta umhverfisvernd í því skyni að ákvarðanir opinberra- og einkaaðila um fjárfestingar verði betri, fyrirsjáanlegri og sjálfbærri þegar til lengri tíma er litið.
 - leggja ríkari áherslu á þætti eins og loftslagsbreytingar, líffræðilega fjölbreytni og forvarnir gegn hamförum.



Tilskipun 2014/52/ESB

- Breytingar sem tilskipunin boðar eru m.a. eftirfarandi:
 - Einföldun og samþætting ferla umhverfismats við matsferla á grundvelli annarrar löggjafar Evrópusambandsins.
 - Settir eru tímafrestir er varða ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar, samráð við almenning og ákvörðun um útgáfu leyfis til framkvæmda.
 - Krafa um að ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar skuli vera nægjanlega rökstudd.
 - Auknar kröfur til skýrleika matsskýrslu, sérstaklega hvað varðar mat á núverandi stöðu umhverfisins og valkosti við framkvæmdina sem um ræðir.
 - Krafa um auki gæði á innihald matsskýrslu og yfirferð hennar.
 - Krafa um hlutleysi stjórnvalda til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.



Tilskipun 2014/52/ESB

- Breytingar framhald:
 - Krafa um að grundvöllur ákvörðunar um veitingu leyfis til framkvæmdar sé skýr og gagnsær.
 - Gildistími umhverfismats.
 - Skylda á framkvæmdaraðila að gera það sem er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdar.
 - Skylda að vakta umhverfisáhrif framkvæmdar. Heimilt er að nota núverandi vöktunarkerfi ef þau eru til staðar til að koma í veg fyrir tvíverknað.



Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum

- Lög nr. 106/2000 eru að grunninum til frá árinu 2000.
- Hefur verið breytt nokkrum sinnum.
- Stærstu breytingar:
 - Lög nr. 74/2005 (m.a. var úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum breytt í álit um mat á umhverfisáhrifum).
 - Lög nr. 138/2014 (m.a. tekinn upp c-flokkur framkvæmda).



Fyrirhuguð breyting á lögum nr. 106/2000

- Starfshópur stofnaður í apríl 2016.
 - Fulltrúar frá frjálsum félagasamtökum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Skipulagsstofnun.
 - Hlutverk starfshópsins tvíþætt:
 - Leggja fram tillögu að frumvarpi til innleiðingar á tilskipun 2014/52/ESB.
 - Skoðun á tilteknum ákvæðum laganna er varða sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum, tímalengd ákvarðana um matsskyldu, endurskoðun matsskýrslu, innheimtu Skipulagsstofnunar á kostnaði er varðar málsmeðferð framkvæmda er heyra undir lögin og viðmiðunargildi framkvæmda í 1. viðauka laganna.



Helstu breytingar á lögum nr. 106/2000 vegna tilskipunar 2014/52/ESB

- Ákvæði er tryggja gæði umhverfismats og leyfis til framkvæmda
 - Framkvæmdaraðili skal tryggja að frummatsskýrslan sé útbúin af til þess hæfum sérfræðingum.
 - Skipulagsstofnun skal búa yfir eða hafa aðgang að sérfræðipekkingu til að fara yfir gögn um mat á umhverfisáhrifum.
 - Ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar og ákvörðun um samþykki leyfis til framkvæmda sé ekki á sömu hendi þegar sveitafélag er sjálft framkvæmdaraðili framkvæmdarinnar.



Helstu breytingar á lögum nr. 106/2000 vegna tilskipunar 2014/52/ESB

- Skilgreining á hvað felst í ferli mats á umhverfisáhrifum:
 - gerð og afgreiðsla matsáætlunar,
 - gerð frummatsskýrslu framkvæmdaraðila,
 - kynning og samráð við hagsmunaaðila og þátttaka almennings á Íslandi og yfir landamæri,
 - gerð matsskýrslu framkvæmdaraðila,
 - álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar,
 - álit Skipulagsstofnunar er lagt til grundvallar við afgreiðslu umsóknar um leyfi til framkvæmdar.



Helstu breytingar á lögum nr. 106/2000 vegna tilskipunar 2014/52/ESB

- Efni mats á umhverfisáhrifum
- Í mati á umhverfisáhrifum skal greina, lýsa og meta bein og óbein umtalsverð áhrif á eftirfarandi þætti:
 - Líffræðilega fjölbreytni með sérstaka áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar.
 - Næmi framkvæmdarinnar vegna hættu á stórslysum og náttúruhamförum.



Helstu breytingar á lögum nr. 106/2000 vegna tilskipunar 2014/52/ESB

- Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.
 - Framkvæmdaraðili skal leggja fram upplýsingar um framkvæmdina og líkleg umtalsverð áhrif hennar á umhverfið. Honum ber að taka tillit til fyrirbyggjandi niðurstaðna um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og leggja fram, þar sem við á, upplýsingar um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir.
 - Við ákvörðun um matsskyldu ber Skipulagsstofnun/sveitarstjórn að byggja ákvörðun sína á upplýsingum er framkvæmdaraðili hefur lagt fram og, ef við á, öðrum gögnum um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.



Helstu breytingar á lögum nr. 106/2000 vegna tilskipunar 2014/52/ESB

- Matsáætlun.
 - Framkvæmdaraðili skal meta hvort sameina eigi umhverfismat framkvæmdarinnar öðru umhverfismati sem gert er á grundvelli annarrar löggjafar.
 - Skipulagsstofnun skal byggja ákvörðun sína um tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun á upplýsingum framkvæmdaraðila, einkum um sérstaka eiginleika framkvæmdarinnar þ.m.t. staðsetningu hennar, umfang og líkleg áhrif á umhverfið.



Helstu breytingar á lögum nr. 106/2000 vegna tilskipunar 2014/52/ESB

- Frummatsskýrsla.
 - Breyting á þeim kröfum sem gerðar eru til upplýsinga í frummatsskýrslu.
 - Valkostir. Framkvæmdaraðili skal ávallt gera grein fyrir öðrum raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað við hina kynntu framkvæmd og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Tilgreina skal ástæðu fyrir aðalvalkosti með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.



Helstu breytingar á lögum nr. 106/2000 vegna tilskipunar 2014/52/ESB

- Gildistími umhverfismats.
 - Ákvæði í tilskipun um að umhverfismat skuli vera í fullu gildi við útgáfu leyfis til framkvæmdar (e. „still up to date“).
 - Heimilt er að setja tímamörk.



Helstu breytingar á lögum nr. 106/2000 vegna tilskipunar 2014/52/ESB

- Samþætting málsmeðferðar.
 - Heimilt að samþætta málsmeðferð á grundvelli laga nr. 106/2000 við málsmeðferð á grundvelli annarra laga.
- Breytingar er varða samráð við almenning.
 - Víða í tilskipuninni er gerð krafa um að samráð við almenning skuli einnig fara fram með rafrænum hætti.
- Viðurlög.
 - Setja þarf ákvæði um viðurlög við brotum á lögum nr. 106/2000. Viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.



Breytingar á einstökum ákvæðum laga nr. 106/2000

- Hlutverk starfshópsins að taka til skoðunar ákvæði laga nr. 106/2000 er varðar:
 - Sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum.
 - Tímalengd ákvarðana um matsskyldu.
 - Endurskoðun matsskýrslu.
 - Innheimtu Skipulagsstofnunar á kostnaði er varðar málsmeðferð framkvæmda er heyra undir lögin.
 - Viðmiðunargildi framkvæmda í 1. viðauka laganna.



Takk fyrir!

